



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) föstudaginn, 29. janúar 2010

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduósbæjar 29. janúar 2010, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Íbúafundur 2. febrúar 2010

Afgreiðsla: Rætt var um íbúafund og farið yfir gögn sem þar verða lögð fyrir og kynnt. Yngvi Þór Loftsson skipulagsráðgjafi frá Landmótun mun kynna aðalskipulagsvinnuna á íbúafundinum 02.02.2010. Ákveðið var að halda næsta fund hjá Skipulags-byggingar- og veitunefnd miðvikudaginn 10.02.2010 þar sem farið verður yfir skipulagstillögu, umhverfisskýrslu og þær athugasemdir sem kunna að koma upp á íbúafundinum.

Dagskrárliður 2

Bréf Jónasar Skaftasonar: Jónas sækir um endurleigu á Einasnesi til eins árs.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til að erindinu verði hafnað.

Dagskrárliður 3

Bréf frá Vegagerðinni vegna Húnavallaleiðar og Skagastrandarvegar.

Afgreiðsla: Þar sem fyrir liggur að málið verði kynnt á íbúðarfundi leggur nefndin til að málinu verði frestað til næsta fundar

Dagskrárliður 4

Lóðablöð fyrir Garðabyggð 10, Brekkubyggð 27 og Flúðabakka 2, 4 og 6

Afgreiðsla: Byggingarfulltrúi lagði fram lóðablöð og samþykkti nefndin lóðablöð vegna Garðabyggðar 10 og Brekkubyggðar 27, en frestar afgreiðslu lóðarblaðs vegna Flúðabakka 2,4, og 6 og er byggingarfulltrúa falið að afla frekari gagna.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.00.

Þórður Pálsson (sign)

Gauti Jónsson (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Valgerður Gísladóttir (sign)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)